



Reykjavík 5. nóvember 2025
HER-202510-3796

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um mál nr. 1400/2025 í skipulagsgátt, Sundahöfn - Lenging Sundabakka. Tilkyning til ákvörðunar matskyldu

Vísað er til máls nr. 1400/2025 í skipulagsgátt, Sundahöfn - Lenging Sundabakka. Tilkyning til ákvörðunar matskyldu. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir málið og gögn þess og gefur eftirfarandi umsögn.

HER vill byrja á að benda á að gerð landfyllingar með jarðefnum frá uppgreftri er háð starfsleyfi. Ef um opna landfyllingu er að ræða er starfsemin háð leyfi Umhverfis- og orkustofnunnar en ef um er að ræða lokaða landfyllingu er hún háð starfsleyfi heilbrigðiseftirlits. Því gæti það átt við að sama landfylling sé háð leyfum beggja eftir því hvernig staðið er að framkvæmdinni, sjá nánar í leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunnar um endurnýtingu úrgangs í fyllingar. Sé landfylling kaflaskipt þarf leyfi fyrir hverjum kafla fyrir sig. Þá er varp í hafið háð leyfi Umhverfis- og orkustofnunnar. Uppfæra þarf kafla 2.7 um leyfisveitingar í ljósi þessa.

HER telur að kanna þarf samlegðaráhrif framkvæmdarinnar við aðrar fyrirhugaðar stórfamkvæmdir við Elliðavog. Skoða þarf sérstaklega hvaða framkvæmdir gætu verið í gangi á sama tíma þar sem víxláhrif þeirra geta aukið umhverfisáhrif á lífríkið.

HER telur ýmsu áfátt í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar í gögnunum. Í kafla 3.2 um umhverfisþætti er ekki minnst á loftgæði. Aukin umsvif á hafnarsvæðinu á þessum stað auk framkvæmda mun hafa áhrif á loftgæði, bæði varanlega og tímabundið. Framkvæmdunum mun fylgja aukin umferð þungra ökutækja og liggja aðkeyrsluleiðir við íbúðarbyggð. Þá getur verið rykmengun sem fylgir gerð landfyllingar og gera þarf ráð fyrir mótvægisáðgerðum til að bregðast við því. HER bendir á að fyrirséð er að skip verða að keyra ljósavél þar til möguleiki á raftengingu er til staðar. Ljóst er einnig að sum skip hafa ekki möguleika á raftengingu þar sem ekki var gert ráð fyrir slíku við hönnun þeirra. Líkur eru því á að framkvæmdin leiði til



aukinnar loftmengunar sem gæti haft áhrif á íbúðarbyggð. Þennan umhverfispátt þarf því að meta og fjalla um.

Í kafla 3.6 er fjallað um rannsóknir á vatnshlotinu en skila þarf inn áhrifamati fyrir vatnshlotið, unnið skv. leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunar. Þegar aðilar hyggjast fara í framkvæmdir, setja upp starfsemi eða gera breytingar á núverandi starfsemi sem getur haft áhrif á vatn skal framkvæma mat á áhrifum þeirra umsvifa. Tilgangur með áhrifamati er að setja fram lýsingu á starfsemi/framkvæmd og hvort möguleg áhrif starfsemi/framkvæmdar hafi þau áhrif að umhverfismarkmið vatnshlotsins náist ekki. Umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega bindandi og sýna þarf fram á að þau náist. Óheimilt er að gefa út leyfi fyrir framkvæmdir eða starfsemi ef þær valda því að umhverfismarkmið nást ekki nema ef að undanþága hafi verið veitt fyrir því. Mikilvægt er að áhrifamat sé gert eins snemma í undirbúningsferli framkvæmda/ starfsemi og hægt er. Hægt er að endurskoða og uppfæra áhrifamat síðar í ferlinu eftir því sem gögn varðandi framkvæmdina/starfsemina verða nákvæmari og skýrari.

Í kafla 3.7 um hljóðvist er það metið svo að áhrif frá framkvæmdinni og breytttri aðstöðu í höfninni verði aðeins innan hafnarsvæðis. Að mati HER er hæpið að það standist enda hafa mælingar og kvartanir sýnt fram á að hávaði frá umsvifum á hafnarsvæðinu berst mjög víða, bæði í Grafarvogi og nærliggjandi íbúðarbyggð í Laugarneshverfinu, Laugardal og Vogabyggð. Við framkvæmdina verður athafnasvæði nær hluta Hamrahverfis en núverandi athafnasvæði Samskipa innar í voginum og ljóst að hávaði mun aukast á nýjum svæðum þó hann kunni að dragast saman annarsstaðar. Athuga þarf að mörk hávaða eru strangari á kvöld og næturtíma en starfsemi í höfnum er allan sólarhringinn. Á framkvæmdatíma er óhjákvæmilegt að umtalsverður hávaði verði í nærliggjandi íbúðarbyggð, sérstaklega í Hamrahverfinu í Grafarvogi. Hvergi er minnst á mótvægisáðgerðir né vöktun á hávaða í gögnum málsins. Miðað er við mælingar frá 2015 við mat á grunnástandi en æskilegt væri að miða við nýrri gögn þar sem breytingar hafa orðið á undanförunum árum. Betur þarf að gera grein fyrir dreifingu hávaða frá hafnarsvæðinu, t.d. með dreifingarkorti sem sýnir jafngildishljóðstig í íbúðarbyggð. Einnig þarf að meta áhrif á íbúðabyggð í Gufunesi, á landfyllingum við Ártúnshöfða og í fyrirhugaðri íbúðarbyggð við Köllunarklett en áform um uppbyggingu á því svæði eru nú í kynningu. Auknar kvartanir til HER á síðustu árum benda til þess að álag vegna hávaða frá höfninni hafi áhrif á lífsgæði íbúa og að óþol gagnvart því ónæði fari vaxandi. Það er því mikilvægt að meta þennan þátt vel og gera vel grein fyrir mögulegum mótvægisáðgerðum og vöktun.



Loks vill HER benda á að engin umfjöllun er um frárennsli frá framkvæmdasvæðinu, hvorki á framkvæmdatíma og rekstartíma, þ.e. ofanvatn. HER bendir á að mikil umferð bíla og tækja er um svæðið og geta mengandi efni s.s. olíur og glussar lekið af þeim. Því væri æskilegt að ofanvatn færi um mengunarvarnarbúnað á leið í viðtaka. Einnig má benda á að skipafélögin eru með aðstöðu til gámaþvotta og eru notuð hreinsiefni til þeirra starfs. Æskilegt er að komið verði við mengunarvörnum á frárennsli og mikilvægt að taka á því við allar stórar framkvæmdir inni á hafnarsvæðin. Huga þyrfti að þessum málum við þessa framkvæmd.

HER telur að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa veruleg umhverfisáhrif, sérstaklega í íbúðarbyggð. Ýmsu er einnig áfátt í umfjöllun um áhrif framkvæmdarinnar bæði á rekstartíma og framkvæmdatíma. Sérstaklega þarf að huga að hljóðvíst þar sem fjöldi íbúa innan áhrifasvæðis hafnarinnar er að fara að fjölga umtalsvert á fjölda uppbyggingasvæða. Að mati HER er því þörf á því að meta umhverfisáhrif þessarar framkvæmdar

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Verkefnastjóri